

Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans um ársreikning 2019.

Spurning 1

Gert er grein fyrir að lagður hafi verið fram ábendingar er varðar innra eftirliti.

Hverjar eru þær ? og sömuleiðis við stjórnsýsluskoðunina ábendingar þar um. Hverjar eru þær ?

Svar:

Skýrsla um stjórnsýsluskoðun og skýrsla um skoðun á innra eftirliti og fjárhagskerfi voru sendar með fundarboði til bæjarráðs 20.3.2020. Í skýrslunum er gerð grein fyrir ábendingum og viðbrögðum stjórnenda við þeim.

Spurning 2.

Hver er uppsöfnuð framkvæmda- og viðhaldspörf.

Svar:

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 lagði tækni- og umhverfissvið fram áætlun um viðhaldsverkefni að fjárhæð 316 m.kr. til viðhalds á húsnæði stofnana bæjarins. Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun var samþykkt fjárveiting að fjárhæð 250 m.kr. til viðhalds húsnæðis stofnana eða sem nemur um 80% af umbeðinni fjárhæð. Verkefnum er forgangsraðað og þau verkefni sem ekki er komist í á árinu koma til skoðunar við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Uppsöfnuð framkvæmdaþörf birtist í framkvæmdaáætlun til þriggja ár samkvæmt fjárhagsáætlun sem er svo endurskoðuð árlega í tengslum við gerð nýrrar fjárhagsáætlunar. Í ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2019 má sjá að miklar framkvæmdir hafa verið á árinu 2019 en framkvæmt var fyrir um 3.680 m.kr. á árinu 2019 eða fyrir 23% af rekstrartekjum.

Spurning 3

Af hverju er eignasjóður (bls.14) með tekjur upp á 410 milljónir en áætlun var upp á 54 milljónir?

Svar:

Innleystar tekjur vegna gatnagerðar í Urriðaholti voru tæpar 250 m.kr. Við gerð fjárhagsáætlunar er aldrei áætlað hver tekjufærsla gatnagerðargjalda verður vegna óvissu um mat á stöðu framkvæmda sem fram samhliða vinnu við gerð ársreiknings. Skuld eignasjóðs við aðalsjóð er ávallt vaxtareiknuð við uppgjör og áætlunin reyndist mun hærri en áætlun eða um 175 m.kr. Þessi fjárhæð nettast út í samstæðunni, enda um innri færslu að ræða.

Spurning 4

Hvað útskýrir þennan gríðarlega kostnaðarauka við þjónustumiðstöð (bls. 14) með áætlun upp á tæpar 25 milljónir í kostnaði en í raun tæpar 47 milljónir í kostnað.

Svar:

Tekjur þjónustumiðstöðvar af innri vinnu reyndist um 10 millj. lægri en áætlun. Einnig voru innri tekjur eða afnot af bifreiðum ofáætlaðar um 6 millj. Hvoru tveggja eru færslur sem nettast út í samstæðureikningi. Þá standa eftir 6 millj. kr. sem skýrist af hærri rekstrarkostnaði en áætlun gerði ráð fyrir.

Spurning 5

B-hluti Strikið 3 – áætlaðar tekjur upp á 78 milljónir, sem var áætlun upp á lækkan frá 84 milljónum en raunin varð 103.

Svar:

Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að nettó niðurstaða af rekstri fasteignarinnar við Strikið 3 yrði jákvæð sem nemur 78 m.kr. en er raunin varð jákvæð staða að fjárhæð 94 m.kr. Skýringin á betri afkomu en áætlun gerði ráð fyrir er fyrst og fremst að jákvæður mismunur er á vaxtagjöldum af skuldum við eigin fyrirtæki upp á 14 m.kr.

Spurning 6

Hvers vegna er ekki farið að fordæmi til að mynda Reykjavíkur þar sem til dæmis borgarstjóri og allir staðgenglar hans eru skráðir tengir aðilar auk aðal- og varamanna í borgarstjórn. Þá eru allir fjárhagslega háðir aðilar þessara tengdra aðila (makar, börn og aðrir) skilgreindir sem tengdir aðilar. Væri ekki ráð að fara fram á að tengdir aðilar verði hér eftir skilgreindir sem bæjarstjóri, staðgenglar hans og allir fjárhagslega háðir aðilar tengdra aðila?

Svar:

Í 57. gr. samþykktu um stjórn Garðabæjar kemur fram að bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra og tilgreinir samþykktin ekki aðra staðgengla.

Garðabær skilar fjármálaeftirliti upplýsingum tvisvar á ári um fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherja. Alltaf er skilað upplýsingum um bæjarfulltrúa, varabæjarfulltrúa, bæjarstjóra, bæjarritara, sviðsstjóra, fjármálastjóra, deildarstjóra bókhaldsdeildar og endurskoðenda.

Í skýringu 20 á bls 22 í ársreikning er fjallað um tengda aðila og þar kemur fram að aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Því falla allir þeir aðilar sem nefndir eru í fyrirspurninni undir skilgreiningu á tenglum aðilum samkvæmt skýringu í ársreikningi.

Spurning 7

Við óskum eftir því að laun og launatengd gjöld bæjarstjóra og bæjarstjórnar yrðu brotin betur niður í eftirfarandi þætti:

Laun bæjarstjóra, föst laun bæjarfulltrúa, laun fyrir nefndarsetu bæjarfulltrúa og annarra fulltrúa.

Svar:

Laun bæjarstjóra 28.800.269 og launatengd gjöld 5.798.459

Laun bæjarstjórnar 37.397.760 og launatengd gjöld 5.634.787

Laun fyrir nefndarsetu bæjarfulltrúa 25.670.076 og launatengd gjöld 4.063.336

Laun fyrir nefndarsetu aðrir 22.847.136 og launatengd gjöld 3.371.963